

Umhverfisstofnun
Bjarni Pálsson
deildarstjóri lífríkis og veiðistjórnunar
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. mars 2012
2012030015/42-4-1
TB,KHS,OKN
jgo/tb

Umsögn vegna umsóknar um leyfi til að mynda friðaðar fuglategundir

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 15. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Einars Guðmann og Gyðu Henningsdóttur um leyfi til að mynda fálka og erni árið 2012.

Almennt

Á undanförnum árum hefur þó nokkur fjöldi áhugamanna og atvinnumanna óskað eftir því að fá að taka myndir af friðuðum fuglategundum, m.a. við hreiður, og virðist vera um aukningu að ræða. Stofnar friðaðra sjaldgæfra fuglategunda eru fáliðaðir, eðli málsins samkvæmt, og fjöldi hreiðra sem hentugt er að mynda við oft mjög takmarkaður s.s. hjá örnum. Myndataka getur því valdið töluverðri truflun, sérstaklega fyrir ákveðin hreiður / einstaklinga, sem getur í versta falli haft í för með sér að varp misfarist. Það eru því ríkar ástæður fyrir því að takmarka bæði fjölda þeirra sem fá leyfi til að mynda og þann tíma sem dvalið er við hreiður friðaðra fuglategunda. Rétt er einnig að benda á að nútíma myndatökubúnaður er það fullkominn að engin ástæða er til að mynda alltaf friðaðar fuglategundir í varpi, þegar þær eru viðkvæmastar, eða fara mjög nálægt hreiðrum.

Markmið laga nr. 64/1994 er að vernda friðaða fugla og óheimilt er að dvelja við hreiður þeirra. Það eru því ekki sjálfsgöð réttindi að fá að mynda friðaðar fuglategundir í varpi heldur er einungis hægt að fá undanþágu í sérstökum tilvikum. Gildar ástæður þurfa því að vera fyrir því að undanþága sé veitt.

Þegar undanþágur eru veittar er nauðsynlegt að fylgst sé með því hvernig leyfi eru nýtt, eins og hefur m.a. verið gert með skýrslugjöf, en ekki síður hvernig framkvæmd myndatökunnar er á vettvangi og hvort ávallt sé gætt ýtrustu varfærni og velferð fuglanna höfð í fyrirrúmi. Ekki hefur verið hægt að fylgjast með öllum sem fá leyfi. Það eitt gerir kröfu um að fjöldi leyfa sé takmarkaður árlega því fólk er mis vel að sér um hegðun dýra og ekki er hægt að tryggja að fólk hegði sér sem skyldi. Það eru verndarhagsmunir tegundarinnar og verndarmarkmið sem eiga að ganga framur en áhugi til myndatöku eða aðrar ástæður sem einstaklingar kunna að hafa til að mynda friðaðar fuglategundir.



Þegar margir sækja um leyfi þá verður að mati Náttúrufræðistofnunar skoða, sérstaklega m.t.t. þess að oft er ekki um marga staði að ræða, fjölda þeirra sem fá leyfi, dvalartíma við hreiður og m.a. hæfni/reynslu einstaklinga sem sækja um. Einnig þarf að athuga að umsækjendur nýti leyfi þegar þeir fá þau, ef ekkert annað t.d. umhverfisaðstæður hamla. Ef takmarka þarf fjölda þeirra sem fá leyfi þá á m.a. að líta til þess hve oft viðkomandi hefur fengið leyfi. Ekki á að vera sjálfsagt að sömu einstaklingar fái leyfi á hverju ári til að mynda friðaðar fuglategundir.

Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar hafa á undanförunum árum aðstoðað marga, sem hafa sótt um leyfi til að taka myndir af friðuðum fuglategundum, m.a. með því að leyfa viðkomandi að vera með í vöktunar- eða rannsóknaleiðöngnum. Það er hins vegar takmarkað hvað sérfræðingar stofnunarinnar geta sinnt ráðgjöf og eftirliti með þessum hætti. Stofnuninni er ekki kunnugt um að aðrar stofnanir, t.d. Umhverfisstofnun, sinni eftirliti á vettvangi með þeim sem fá leyfi til að mynda friðaðar tegundir. Þegar ekki er um beint eftirlit að ræða verður því að treysta því að viðkomandi leyfishafi fari eftir þeim skilyrðum sem kunna að vera sett í leyfi. Það er því áriðandi að þeir sem sækja um séu einnig metnir út frá reynslu og þekkingu.

Með framangreind atriði í huga, markmið laga nr. 64/1994 og að umhverfisaðstæður geta breyst, áskilur Náttúrufræðistofnun sér rétt til bæði að endurskoða afstöðu stofnunarinnar sem kemur fram í eftirfarandi umsögn og að skoða þær umsóknir sem hugsanlega eiga eftir að berast m.t.t til fjölda þeirra leyfa sem þegar hafa verið veitt.


Umsögn

Náttúrufræðistofnun telur ástæður umsækjenda fyrir framangreindri umsókn vera málefnalegar og telur stofnunin ekki ástæðu til að leggjast gegn því að leyfi til myndatöku verð veitt. Umsækjendur eru vel kunnugir þeim lögum sem gilda um friðaðar fuglategundir og náttúruvernd og hafa starfsreynslu / starfa á sviði náttúruverndar. Náttúrufræðistofnun leggur til eftirfarandi **viðbætur** við meðfylgjandi drög að leyfi. Í fyrsta lagi skal umsækjendum bent á að hafa samband við Kristinn Hauk Skarphéðinsson vegna myndatöku við arnarhreiður, sem hefjist ekki fyrr en eftir 1. júlí, og Ólaf Karl Nielsen vegna myndatöku við fálkahreiður sbr. umsókn. Í öðru lagi skal ekki fara nærri hreiðri fálka og arna en 20 metra nema sérstakar aðstæður leyfi það. Ef felutjald er sett upp og greinilegt er að þær tegundir sem sótt er um að mynda eru öruggar er viðvera í lengri tíma hvern dag í lagi en komi styggð að fuglunum skal yfirgefa svæðið sbr. skilyrði í drögum að leyfi. Í þriðja lagi skal ekki vera lengur við hreiður en „nauðsyn“ krefur, metið út frá velferða fuglanna, og í samráði við sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar. Náttúrufræðistofnun telur að ekki eigi að heimila myndatöku við fálkahreiður fyrr en ungar eru í það minnsta 10-14 daga gamlir. Flestir fálkaungar hafa ekki náð þessum aldri fyrr en eftir miðjan júní og leggur því Náttúrufræðistofnun til að leyfi til að mynda við fálkahreiður gildi í fyrsta lagi frá og með 20. júní.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

